Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1061
komudagur 21.1.2008

SIÐMENNT Félag siðrænna húmanista á Íslandi

Umsögn um frumvörp til laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Siðmennt félag siðrænna húmanista á Íslandi fagnar sérstaklega eftirfarandi breytingum á lögum um leikskóla og grunnskóla:

Í frumvarpi til laga um leikskóla er í 2. gr. Gert ráð fyrir að orðið "siðferðisvitund" verði notað í stað orðalagsins "kristilegt siðgæði".

X **Í frumvarpi til laga um grunnskóla** er gerð tillaga um breytt orðalag þannig að í stað orðalagsins "kristilegs siðgæðis" í núverandi lögum verði: "Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi."

Siðmennt styður þessar breytingar og eru helstu rök félagsins eftirfarandi:
Skólar eru og eiga að vera veraldlegar stofnanir. Í landinu er skólaskylda og það getur því hvorki verið rétt né sanngjarnt að starfshættir skóla skuli taka mið af siðferðisgildum eins trúar-eða lífsskoðanahóps. Slíkt brýtur að mati félagsins í bága við mannréttindi. Siðmennt ítrekar þá afstöðu sína að það er mannréttindamál að skólastarf skuli mótast af almennu góðu siðgæði en ekki kristilegu og breytir engu þar um hvort í skólum landsins séu eingöngu íslendingar eða aukinn fjöldi nemenda af erlendum uppruna sem aðhyllist önnur trúarbrögð en kristni.

Fagnar Siðmennt því í **frumvarpi til laga um grunnskóla 15. gr.** að þátttaka í starfi trúar-eða lífsskoðanafélögum s.s. með ferðalögum, sbr. fermingarferðalögum er ekki talin gild ástæða til þess að fá leyfi frá skólasókn.

Fagnar Siðmennt jafnframt eftirfarandi orðum í **24. gr.**: "Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti."

Reykjavík 18. janúar 2008
F.h. stjórnar Siðmenntar

Jóhann Björnsson